

# **Staða kynjanna fyrir Héðinsfjarðargöng**

**Áhrif samgöngubóta á efnahagslega, félagslega,  
menningarlega og pólitíska stöðu kynjanna í Fjallabyggð**

**Andrea Hjalmsdóttir  
Lektor í félagsfræði  
Háskólinn á Akureyri  
Akureyri júní 2011**

Staða kynjanna fyrir Héðinsfjarðargöng: Áhrif samgöngubóta á efnahagslega, félagslega, menningarlega og pólitíska stöðu kynjanna í Fjallabyggð, 2011

© Háskólinn á Akureyri

Höfundur: Andrea Hjálmsdóttir

Útgáfustaður: Akureyri

Slóð á vefsíðu

## Útdráttur

Í íslensku samfélagi eru hefðbundin kynhlutverk nokkuð rótgróin. Þrátt fyrir að íslenskar konur séu mjög virkar á vinnumarkaði bera þær frekar en karlar ábyrgð á uppeldi barna jafnframt því að sinna heimilisstörfum í mun meira mæli en þeir. Þó breytingum á samgöngukerfi sé yfirleitt fyrst og fremst ætlað að vera til bóta fyrir íbúa tiltekinna samfélaga benda rannsóknir til að þess að þær geti ýtt undir hefðbundin kynhlutverk einkum vegna þess að kynin nota samgöngukerfið á ólíkan hátt. Í kjölfar samgöngubóta er til að mynda líklegt að atvinnusvæði karla stækki meira en kvenna því ábyrgð á heimili og börnum gæti í sumum tilvikum komið í veg fyrir að sömu áhrifa gæti á líf þeirra þar sem þær virðast líklegri til að skipuleggja líf sitt í nágrenni við heimilið og skóla barnanna. Þessa ólíku stöðu kynjanna ber að hafa í huga þegar ráðist er í samgöngubætur og þau margþættu áhrif sem breytingar á samgöngukerfinu hafa í för með sér á líf karla og kvenna.

Haustið 2010 voru opnuð jarðgöng um Héðinsfjörð sem tengja byggðarlögin Ólafsfjörð og Siglufjörð í hinu sameinaða sveitarfélagi Fjallabyggð. Til að meta árangurinn af slíkri stórf framkvæmd sem Héðinsfjarðargöng eru hófu kennarar og sérfræðingar við Háskólann á Akureyri rannsókn á samfélagslegum áhrifum framkvæmdarinnar. Haustið 2008 hófst rannsóknarvinna sem unnin er fyrir tilstyrk Rannsóknasjóðs Vegagerðarinnar og mun standa til ársloka 2013. Rannsókninni er ætlað að leggja heildstætt mat á stöðu Fjallabyggðar og þær breytingar sem vænta má í samgöngumynstri, búsetuþróun, efnahagslífi, opinberri þjónustu og félagslegum auði í kjölfar opunar ganganna.

Markmið þessa verkefnis er að meta áhrif af opinberri fjárhagslegri ákvörðun, sem gerð Héðinsfjarðarganga er, á líf karla og kvenna í Fjallabyggð. Áhrifin verða skoðuð út frá stöðu kynjanna í sveitarfélaginu og þær breytingar sem göngin hafa á stöðu þeirra verða kortlagðar á þriggja ára tímabili. Hið sameinaða sveitarfélag, sem bæði verður stærra og öflugra, ætti að hafa alla burði til þess að efla atvinnulíf og þjónustu. Auk þess að eiga að snúa við búsetuþróun í byggðarlögunum er ljóst að ein röksemdarfærslan fyrir gerð ganganna var sú að með tilkomu þeirra mætti leita eftir aukinni hagræðingu í rekstri sveitarfélagsins og allri stjórnsýslu þess. Slíkar breytingar geta vissulega haft ófyrirséð áhrif á störf og stöðu kvenna og karla í hinu sameinaða sveitarfélagi. Þá geta samgöngubætur haft áhrif á verkaskiptingu kynjanna. Í þessu langtímaverkefni er lagt upp með þau markmið að kortleggja á kynjafræðilegan hátt hagrænt, félagslegt og menningarlegt mynstur sem er að finna í sveitarfélaginu Fjallabyggð og greina í framhaldinu þær breytingar sem Héðinsfjarðargöngin koma til með að hafa á stöðu kynjanna.

## Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Konur og karlar í Fjallabyggð.....	6
Kynbundin hlutverk og vinnumarkaður .....	6
Kynbundin hlutverk og ferðamynstur .....	8
Kynbundin hlutverk og opinber þjónusta.....	10
Kynbundin hlutverk og félagslegur auður .....	11
Lokaorð.....	12
Heimildir.....	14

## Inngangur

Búferlaflutningar á Íslandi hafa löngum einkennst af fólksflutningum af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Nokkuð hefur hægt á þessari þróun á síðustu árum og hefur íbúum landsbyggðarinnar fjölgað jafnt og þétt frá upphafi 20. aldar, einkum vegna þess að náttúruleg fólksfjölgun vegur víðast hvar upp á móti fjölda brottfluttra umfram aðflutta. Þessi þróun hefur þó ekki verið einkennandi alls staðar á landsbyggðinni og hafa nokkur byggðarlög, einkum strjálbýl, glímt við umtalsverða fólksfækkun (Þóroddur Bjarnason, 2007). Haustið 2010 voru opnuð jarðgöng um Héðinsfjörð sem tengja byggðarlögin Ólafsfjörð og Siglufjörð í hinu sameinaða sveitarfélagi Fjallabyggð. Bæði þessi bæjarfélög hafa um langt skeið þurft að glíma við umtalsverða fólksfækkun auk þess sem samdráttur í frumframleiðslu hefur dregið úr lífsgæðum á svæðinu. Í lok árs 2008 bjuggu í Ólafsfirði 847 íbúar og 1282 íbúar á Siglufirði. Ein meginröksemdin fyrir því að ráðast í svo dýra vegaf framkvæmd til að tengja þessi byggðarlög, sem eru í talsverðri fjarlægð frá stærri þjónustukjörnum, var að göngin gætu snúið við þessari búsetu- og atvinnubrúun (Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson, 2010).

Rannsóknir hafa sýnt að verkaskipting kvenna og karla er almennt hefðbundnari í dreifðari byggðum. Þær sýna einnig að þar skipar fjölskyldan veigameiri sess og áherslan á móðurhlutverkið er meiri en í þéttari byggðarlögum. Á þessum dreifðari svæðum eru síður fyrir hendi stofnanabundin úrræði og því er meira treyst á konur þegar kemur að samfélagsstörfum, líkt og við barnagæslu og í félagsstarfi. Sá félagslegi auður sem felst í samhjálp og stuðningi í fámennum samfélögum er því að mestu leyti á herðum kvenna og byggist á ólaunaðri vinnu þeirra (Dahlström, 1996; Þóra Kristín Þórsdóttir og Kjartan Ólafsson, 2010). Rannsóknir hafa sýnt að brottflutningur ungra kvenna er eitt helsta einkenni fámennari samfélaga á Vesturlöndum (Berglund, Johansson og Molina, 2005). Þetta hefur einnig verið raunin í Fjallabyggð en eitt af einkennum sveitarfélagsins er skortur á ungum konum (Þóroddur Bjarnason, Kjartan Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson, 2010). Líkt og annars staðar á Vesturlöndum eru íslenskar stúlkur og ungar konur líklegri til að flytja frá fámennari samfélögum (Carole Seyfrit, Þóroddur Bjarnason og Kjartan Ólafsson, 2009; Þóroddur Barnason og Þórólfur Þórlindsson, 2006; Þóroddur Barnason 2010). Hvað samgöngubætur varðar þá hafa rannsóknir sýnt að breytingar á samgöngum geta haft ólík áhrif á lífsmynstur karla og kvenna þar sem kynin nota vegakerfið með ólíkum hætti (Björk Sigurgeirsdóttir, 2004; Þóra Kristín Þórsdóttir og Kjartan Ólafsson, 2010; Hjördís Sigursteinsdóttir og Kjartan Ólafsson, 2010).

Kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð er það ferli að beita samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða á fjárlagaferlið. Það þýðir að kynjað mat er lagt á fjárlög, kynjasjónarmið eru samofin öllum stigum fjárlagaferlisins og að lokum eru tekju- og útgjaldaliðir endurskipulagðir með það að markmiði að stuðla að kynjajafnrétti.<sup>1</sup> Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs frá árinu 2009 er kveðið á um að kynjuð hagstjórn skuli

---

<sup>1</sup> Skilgreining Evrópuráðsins

höfð að leiðarljósi við fjárlagagerð og efnahagsstjórn. Þetta er í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að, s.s. CEDAW, sem og í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (nr. 10/2008), en þar segir að vinna eigi að „kynjasambættingu í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum samfélagsins.“

Í anda kynjaðrar fjárlagagerðar og kynjasambættingar er það markmið þessa verkefnis að meta áhrif af opinberri fjárhagslegri ákvörðun, sem gerð Héðinsfjarðarganga er, á líf karla og kvenna í Fjallabyggð. Áhrifin verða skoðuð út frá stöðu kynjanna í sveitarfélaginu og þær hugsanlegu breytingar sem göngin kunna að hafa á stöðu þeirra kortlagðar. Hið sameinaða sveitarfélag, sem bæði verður stærra og að öllum líkindum öflugra en hin upphaflegu tvö sveitarfélög voru hvort í sínu lagi, ætti að hafa alla burði til þess að efla atvinnulíf og þjónustu en á sama tíma er ljóst að ein meginröksemdarfærslan fyrir gerð ganganna var sú að leita mætti eftir aukinni hagræðingu í rekstri sveitarfélagsins og allri stjórnsýslu þess. Slíkar breytingar geta vissulega haft ófyrirséð áhrif á störf kvenna og karla í hinu sameinaða sveitarfélagi. Þá geta samgöngubætur haft ófyrirséð áhrif á verkaskiptingu kynjanna. Í þessu langtímaverkefni er lagt upp með þau markmið að kortleggja á kynjafræðilegan hátt hagrænt, félagslegt og menningarlegt mynstur sem er að finna í sveitarfélaginu Fjallabyggð og greina þær breytingar sem Héðinsfjarðargöngin koma til með að hafa á stöðu kynjanna í þessu tiltekna samfélagi.

Til að meta árangurinn af slíkri stórförum sem Héðinsfjarðargöng eru hófu 12 kennarar og sérfræðingar við Háskólann á Akureyri rannsókn á samfélagslegum áhrifum framkvæmdarinnar. Hér er um einstakt tækifæri að ræða til að meta árangur slíkrar framkvæmdar sem lagt er upp með í þágu byggðarlaga sem eiga undir högg að sækja. Haustið 2008 hófst rannsóknarvinna sem unnin er fyrir tilstyrk Rannsóknasjóðs Vegagerðarinnar og mun standa til ársloka 2013. Rannsókninni er ætlað að leggja heildstætt mat á stöðu Fjallabyggðar og þær breytingar sem vænta má í samgöngumynstri, búsetuþróun, efnahagslífi, opinberri þjónustu og félagslegum auði í kjölfar þess að göngin voru opnuð (Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson, 2010).

Vegna þess að um langtímarannsókn er að ræða og að eingöngu liggja fyrir upplýsingar um stöðu kynjanna fyrir opnun Héðinsfjarðarganga verður hér leitast við að kortleggja stöðu kvenna og karla í Fjallabyggð í því samhengi. Ekki verður unnt að meta áhrif gangagerðarinnar á stöðu kynjanna í byggðarlaginu fyrr en gögnum hefur verið safnað eftir að göngin hafa verið opin í ákveðinn tíma, eins og verður gert haustið 2012. Hér er byggt á niðurstöðum könnunarinnar *Samgöngubætur og byggðapróun 2009* sem lögð var fyrir íbúa á Siglufirði og Ólafsfirði í nóvember og desember 2009 en þá voru þessir tveir byggðarkjarnar heimsóttir og voru allir íbúar eldri en 18 ára beðnir um að svara spurningalistum. Þeir íbúar sem ekki voru heima þegar starfsfólk rannsóknarinnar var í bænum fengu spurningalistana senda í pósti ásamt frímerkту umslagi. Þátt tóku 53% allra íbúa 18 ára og eldri sem búsettir eru að staðaldri í Fjallabyggð og var 732 spurningalistum svarað (Kjartan Ólafsson og Þóroddur Bjarnason, 2010). Hér eru notaðar þær spurningar sem vísa í stöðu kynjanna með einum eða öðrum hætti til að varpa ljósi á verkaskiptingu, þátttöku á vinnumarkaði og væntingar kvenna og karla til þeirra breytinga sem göngin geta hugsanlega valdið á daglegu lífi fólks í byggðarlaginu.

## Konur og karlar í Fjallabyggð

Eitt helsta einkenni fámennari samfélaga á Vesturlöndum hefur verið brottflutningur kvenna (Berglund, Johansson og Molina, 2005) og rannsóknir hér á landi hafa sýnt að í íslenskum sveitum og sjávarbyggðum eru stúlkur líklegri en drengir til að vilja flytjast á brott úr heimabyggðarlaginu (Carole Seyfrit, Þóroddur Bjarnason og Kjartan Ólafsson, 2009; Þóroddur Barnason og Þórólfur Þórlindsson, 2006; Þóroddur Barnason 2010). Í Fjallabyggð er talsverður skortur á ungum konum en nú árið 2011 eru konur á aldrinum 18-30 ára 42% íbúa byggðarlagsins á þessu aldursbili og karlar því 58% (Hagstofan, 2011a). Könnunin haustið 2009 leiddi í ljós að 60% kvenna á aldrinum 18-25 ára ætla líklega eða mjög líklega að flytjast brott úr byggðarlaginu (Þóroddur Bjarnason, 2010). Þetta má að hluta til útskýra með tilvísun til einhæfra og illa launaðra kvennastarfa (Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson, 2010). Hér á landi er óútskýrður launamunur kynjanna á landsbyggðinni um 30% sem er töluvert hærra en á höfuðborgarsvæðinu þar sem hann er í kringum 10% (Einar Mar Þórðarson o.fl., 2008).

Fjölbreytt og öflugt atvinnulíf er lykillinn að uppbyggingu hvers samfélags. Þetta á við um atvinnutækifæri bæði fyrir konur og karla, ekki síst í byggðarlagi eins og Fjallabyggð sem þarf að laða til sín fjölskyldur á barneignaaldri eigi að snúa við íbúabróun undanfarinna missera (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2010). Eftir sameiningu sveitarfélaganna árið 2006 og ekki síst með tilkomu Héðinsfjarðarganga ætti hið nýja sveitarfélag Fjallabyggð, sem verður stærra og að öllum líkindum öflugra en Ólafsfjörður og Siglufjörður voru hvor í sínu lagi, að geta sótt fram í atvinnu- og byggðamálum (Grétar Þór Eypórsson, 2010) og skapað grundvöll fyrir fjölbreyttari atvinnumarkað bæði fyrir konur og karla. Þá þarf ekki síður að horfa til þess að ungu fólki séu tryggðir möguleikar á því að snúa aftur til baka og að aðkomufólki sé gefið færi á því að flytja til byggðarlagsins og skjóta þar rötum til framtíðar fremur en að það sé sérstakt markmið að koma í veg fyrir að ungt fólk yfirgefi Fjallabyggð (Þóroddur Bjarnason, 2010).

## Kynbundin hlutverk og vinnumarkaður

Í könnuninni sem lögð var fyrir á haustdögum 2009 voru íbúar Fjallabyggðar meðal annars spurðir um viðhorf sín til vinnumarkaðar og þeirra atvinnumöguleika sem í boði eru. Niðurstöður könnunarinnar benda til þess að konur séu almennt ánægðari en karlar með flesta þætti vinnumarkaðarins. Þá segjast þær frekar en karlar vera í störfum sem þeim henta (Kolbeinn Stefánsson, 2010). Þetta er einkum áhugavert í ljósi íbúasamsetningar sveitarfélagsins en ljóst er að þær konur sem búsettar eru í sveitarfélaginu eru almennt ánægðari en karlar með vinnumarkaðinn. Þrátt fyrir að niðurstöðurnar gefi tilefni til að draga þá ályktun að vinnumarkaðurinn á svæðinu sé aðlaðandi kostur fyrir konur (Kolbeinn Stefánsson, 2010) verður ekki horft framhjá því að mun fleiri konur en karlar hafa flutt burt úr sveitarfélaginu og ekki óvarlegt að áætla að atvinnumöguleikar og viðhorf til vinnumarkaðar hafi haft áhrif á þá ákvörðun þeirra að flytja úr byggðarlaginu. Það sem einnig styður slíkar hugmyndir er sú staðreynd að það eru einkum konur í eldri aldurshópum sem almennt eru ánægðar með vinnumarkaðinn.

Líkt og komið hefur fram eru hlutfallslega fáar konur á barneignaldri búsettar í Fjallabyggð. Síðasta áratuginn hefur Siglfirðingum og Ólafsfirðingum fækkað að meðaltali um 2% á ári. Sveitarfélögin skera sig þó ekki úr öðrum sambærilegum stöðum á landinu hvað brottflutninga varðar en hins vegar hafa aðflutningar til byggðarlaganna verið töluvert minni en til annarra byggðakjarna í svipaðri stöðu (Þóroddur Bjarnason, 2010). Þessi íbúaupróun hefur leitt til þess að meðalaldur bæði Siglfirðinga og Ólafsfirðinga hefur hækkað nokkuð á undanföllum misserum. Á árunum 1998-2008 hækkaði meðalaldur íbúa þessara byggðarlaga um rúm sex ár en á sama tímabili hækkaði meðalaldur þjóðarinnar um rúmlega eitt og hálf ár. Ungum börnum í Fjallabyggð hefur einnig fækkað mikið á síðustu árum. Árið 1998 voru að jafnaði rúmlega 46 börn í hverjum árgangi í báðum byggðarlögum en árið 2008 voru þau að jafnaði tæplega sextán talsins. Þessi fækkun er að öllu leyti til komin vegna þess hversu fámennir þeir árgangar sem eru á barneignaldri eru í sveitarfélaginu en ekki vegna minnkandi frjósemi (Þóroddur Bjarnason, 2010). Þessi hækkandi meðalaldur hefur áhrif á viðhorf fólks til vinnumarkaðar og ekki síst væntingar þess sem taka mið af því hvar einstaklingar eru staddir í lífshlaupi sínu.

Hvað fjölbreytileika starfa sem bjóðast í sveitarfélaginu varðar sögðust fleiri karlar á aldrinum 18-40 ára vera mjög ánægðir með fjölbreytileikann en á móti kemur að nokkuð hærra hlutfall kvenna á þessum aldri sögðust vera frekar ánægðar með fjölbreytni starfa í Fjallabyggð. Í elsta aldurshópnum, 41-66 ára, eru fleiri konur sem eru bæði mjög og frekar ánægðar með vinnumarkaðinn en karlar (Kolbeinn H. Stefánsson, 2010). Hvað varðar sveigjanleika starfa í boði eru mun fleiri karlar á aldrinum 18-40 ára mjög ánægðir með þann sveigjanleika sem í boði er. Munurinn er mestur hjá körlum í aldurshópnum 18-25 ára en í öllum aldurshópnum eru konurnar líklegri til að vera frekar ánægðar með sveigjanleika þeirra starfa sem eru í boði. Hér geta væntingar kynjanna verið ólíkar með tilliti til ábyrgðar á barnauppeldi og heimilishaldi. Rannsóknir á verkaskiptingu á heimilum benda til þess að konur axli enn mesta ábyrgð á heimilishaldi og barnauppeldi, hér á landi sem og annars staðar á Vesturlöndum (Kitterød og Pettersen, 2005; Þóra Kristín Þórsdóttir, 2007; Kolbeinn H. Stefánsson, 2008). Samþætting atvinnulífs og heimilisstarfa skiptir því mjög miklu máli fyrir konur og væntanlega þá í ríkari mæli en fyrir karla (Kolbeinn Stefánsson, 2010). Sennilegt er að þarna hafi áhrif ólíkar væntingar kynjanna sem taka einmitt mið af stöðu þeirra í samfélaginu hvað varðar skyldur annars vegar í einkalífi og hins vegar í hinu opinbera lífi. Athygli vekur þó að konur á aldrinum 25-40 ára, sem eru líklegastar til að vera með börn á heimilinu, eru almennt ánægðari með alla þætti vinnumarkaðarins en karlar á sama aldursbili.

Yngsti aldurshópurinn kemur best út á heildina litið hjá körlum og ungir karlar eru því líklegri til að vera almennt ánægðari á meðan ungar konur eru á heildina litið óánægðari með vinnumarkaðinn. Þessa niðurstöðu ber að hafa í huga varðandi búsetuþróun í sveitarfélaginu og gefur hún sterka vísbendingu um að ungar konur sjái ekki nægjanleg tækifæri til framtíðar í Fjallabyggð (Kolbeinn H. Stefánsson, 2010). Könnunin sem lögð var fyrir í Fjallabyggð 2009 leiddi í ljós að konur á aldrinum 25-40 ára eru almennt ánægðari með alla þætti vinnumarkaðarins en karlar á sama aldri. Myndin er flóknari í yngsta aldursbilinu þar sem svarendur voru á aldrinum 18-25 ára. Hvað launamun kynjanna varðar kom í ljós að mun fleiri



karlar en konur á aldrinum 18-40 ára eru mjög ánægðir með launin sín. Óútskýrður launamunur kynjanna er mun hærri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu og ýtir undir skýringar á þeirri niðurstöðu að karlar á þessu aldursbili í Fjallabyggð eru mun ánægðari en konur með þau laun sem bjóðast fyrir störf í sveitarfélaginu (Kolbeinn H. Stefánsson, 2010).

### Kynbundin hlutverk og ferðamynstur

Vonir standa til þess að Héðinsfjarðargöng stækki atvinnusvæði íbúa Fjallabyggðar með tengingu byggðakjarnanna tveggja og Siglufirðingar tengjast nú atvinnu- og þjónustusvæði Eyjafjarðar með áður óþekktum hætti. Bæði voru Ólafsfjörður og Siglufjörður fremur einangruð byggðarlög til langs tíma og ekki síst hvort frá öðru. Vegalengdin á milli byggðakjarnanna tveggja verður nú einungis rúmlega 15 kílómetrar á jafnsléttu og styttest úr 62 kílómetrum yfir Lágheiði að sumarlagi eða 232 kílómetrum um Öxnadal að vetrarlagi (Jón Heiðar Þorvaldsson o.fl. 2010). Niðurstöður könnunarinnar sýndi að ungar konur í Fjallabyggð eru sérlega bjartsýnar á að göngin hafi jákvæð áhrif á vinnumarkaðinn í byggðarlaginu (Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn Stefánsson, 2010). Karlar og konur nota samgöngukerfið á ólíkan hátt. Rannsóknir sem gerðar hafa verið hér á landi á áhrifum samgöngubóta á ferðavenjur fólks hafa sýnt að mun færri konur en karlar ferðast lengri vegalengdir til að stunda vinnu sína (Hjördís Sigursteinsdóttir og Kjartan Ólafsson, 2004; Björk Sigurgeirsdóttir, 2004). Rannsókn á áhrifum af gerð Hvalfjarðarganga sýndi að konur í sveitarfélaginu í nágrenni höfuðborgarsvæðisins urðu fyrir minni áhrifum af tilkomu ganganna en karlar (Björk Sigurgeirsdóttir, 2004). Með tilkomu Héðinsfjarðarganga stækkar atvinnusvæði íbúa Fjallabyggðar og miðað við rannsóknir á suðvesturhorninu er slík samgöngubót líklegri til að nýtast körlum betur en konum hvað fjölbreyttari atvinnukosti varðar. Ekki er þó ósennilegt að tilkoma Héðinsfjarðarganga gæti haft önnur áhrif en Hvalfjarðargöng þar sem styttri vegalengd er á milli þeirra byggðarlaga sem þau tengja, þ.e. Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, en til að mynda á milli Akraness og Reykjavíkur. Þar af leiðandi gætu þau verið líklegri til þess að stækka einnig atvinnusvæði kvenna innan Fjallabyggðar sjálfar. Niðurstöður rannsókna á suðvesturhorni landsins gefa engu að síður tilefni til að áætla að karlar í Fjallabyggð geti verið líklegri til að keyra enn lengra til vinnu, til dæmis til Dalvíkur eða Akureyrar.

Íslenskur vinnumarkaður hefur einkennst af síaukinni atvinnuþátttöku kvenna á undanförunum áratugum en þrátt fyrir það sýna rannsóknir að samfélagsskipan nútímans einkennist enn af hefðbundnum kynhlutverkum. Karlinn gegnir þar hlutverki fyrirvinnu heimilisins en ábyrgð á uppeldi barna, velferð heimilismeðlima og heimilisstörfín eru frekar í verkahring kvenna (Þóra Kristín Þórsdóttir og Kjartan Ólafsson, 2010). Þessi hefðbundnu hlutverk karla og kvenna hafa áhrif á það hvernig kynin nota samgöngukerfið og innlendar rannsóknir hafa sýnt að konur eru mun líklegri en karlar til að sækja börn í leikskóla eða skóla á leið heim úr vinnu og þær verja skemmri tíma í ferðir á milli heimilis og vinnustaðar (Hjalti Jóhannesson og Kjartan Ólafsson, 2004).

Í megindrátum má skipta ferðum fólks í tvennt, annars vegar er um að ræða vinnutengdar ferðir og hins vegar ferðir sem setja má undir hatt einkaerinda. Niðurstöður könnunarinnar

*Samgöngubætur og byggðapróun 2009* leiða í ljós að karlar í Fjallabyggð eru frekar á faraldsfæti en konur. Áfangastaðir eru þó ekki ólíkir hvað kynin varðar; helsti viðkomustaður bæði karla og kvenna eru Dalvík og Akureyri. Þó eru karlarnir líklegri til þess að ferðast á milli staða vegna vinnu og sé rýnt í ferðavenjur íbúa í Fjallabyggð út frá kynferði kemur í ljós að karlar eyða að meðaltali 11% meiri tíma í ferðir vegna atvinnu en konur. Konur eyða þó jafnmiklum ferðatíma og karlar í að sækja ýmsa þjónustu (Þóra Kristín Þórsdóttir og Kjartan Ólafsson, 2010). Af gögnum könnunarinnar er ekki að sjá að fjölskylduábyrgð hafi sjálfstæð áhrif á ferðatíma vegna vinnu (Þóra Kristín Þórsdóttir og Kjartan Ólafsson, 2010). Það verður því áhugavert að skoða hvernig göngin munu breyta ferðamynstri karla og kvenna jafnt með tilliti til skutlferða með börn og vinnuferða á stærra svæði.

Enginn munur er á heildarferðatíma Siglfirðinga og Ólafsfirðinga. Ferðamynstrið er þó ólíkt eftir byggðakjörnunum að því leyti að Siglfirðingar ferðast sjaldnar en verja meiri tíma í hverja ferð á meðan Ólafsfirðingar fara í fleiri en styttri ferðir (Þóra Kristín Þórsdóttir og Kjartan Ólafsson, 2010). Þessi munur skýrist einkum af samgöngum og landfræðilegri legu byggðakjarnanna og því ekki óvarlegt að ætla að göngin muni hafa meiri áhrif á heildarferðatíma Siglfirðinga. Bæði Ólafsfjörður og Siglufjörður eru fámennir byggðakjarnar og í því ljósi hefur ásókn í þjónustu til stærri byggðarlaga verið nokkur. Umferðarkönnun sem gerð var í kringum rannsóknina leiddi í ljós að Ólafsfirðingar beina helst erindum sínum inn í Eyjafjörð og til Dalvíkur og Akureyrar. Það gera Siglfirðingar raunar einnig en þeir leita jafnframt nokkuð til höfuðborgarsvæðisins. Því hefur verið spáð að göngin geti haft margvísleg áhrif á samgöngumynstur á norðanverðum Tröllaskaga og að umferð geti allt að tífaldast (Jón Þorvaldur Heiðarsson, 2010). Þess má þó geta að þyngdarlögmálslíkön líkt og notuð voru við gerð þessarar spár eru með öllu kynblind og aðdráttarafl staða og notkun vega er mismunandi fyrir kynin og slík aukning á umferð mun hafa í för með sér breytingar á samgöngumynstri bæði karla og kvenna. Auk þess sem búast má við auknum straumi ferðafólks á svæðinu með greiðari samgöngum og möguleika á hringakstri um Tröllaskaga (Edward Huijbens, 2010) má búast við að íbúar Fjallabyggðar sækji í auknum mæli margvíslega þjónustu til stærri kjarna á svæðinu.

Greiðari aðgangur Siglfirðinga að Eyjafjarðarsvæðinu gæti einkum haft áhrif til breytinga hvað þetta varðar (Kolbeinn H. Stefánsson, 2010). Ekki hefur verið spáð fyrir um hvaða áhrif þetta hafi á þjónustuframboð það sem er í Fjallabyggð og færa má rök fyrir að hafi gengið vegna landfræðilegrar einangrunar byggðarlagsins. Það á sérstaklega við um Siglufjörð þar sem boðið hefur verið upp á fjölbreytta þjónustu og margvíslegar sérvöruverslanir (Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson, 2010). Annars vegar gæti störfunum fjölgað á svæðinu þar sem þjónustusvæðið er nú orðið stærra sem kallar á aukna þjónustu ýmiskonar, bæði við íbúa og þá ferðamenn sem heimsækja svæðið. Hins vegar gæti atvinnutækifærum hreinlega fækkað í Fjallabyggð með tilkomu aukinnar samkeppni í þjónustu við stærri byggðarlög eins og Akureyri og Dalvík. Verði slík þróun raunin gæti það haft veruleg áhrif á framboð starfa sem talist hafa kvennastörf á kynskiptum vinnumarkaði og ekki síst á framboð á þjónustu. Einnig gæti slík þróun kallað á að íbúar byggðarlagsins þurfi að verja enn meiri tíma í ferðalög sem nauðsynlegt verður

að skoða með tilliti til kynjanna og áhrifanna sem slíkt hefði á daglegt líf karla og kvenna í Fjallabyggð.

### **Kynbundin hlutverk og opinber þjónusta**

Ekki er að fullu komið í ljós hvaða áhrif Héðinsfjarðargöngin munu hafa á opinbera þjónustu í sveitarfélaginu og störf henni tengd. Áhrifin kunna að vera tvíbent, einkum vegna þess að helstu rökin fyrir sameiningu sveitarfélaga hafa verið samlegðaráhrif og hagræðing í rekstri ríkis og sveitarfélaga (Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson, 2010). Sameining þessara sveitarfélaga var fyrst og fremst grundvölluð á því að til stóð að fara í gerð Héðinsfjarðarganga og á þeirri tengingu sem þau hefðu í för með sér fyrir byggðakjarnana sem yrðu heildstætt samfélag með tilkomu þessarar samgöngubótar (Grétar Þór Eypórsson, 2010). Í kjölfar sameiningar sveitarfélaganna Siglufjarðar og Ólafsfjarðar hefur verið leitast við að dreifa stjórnsýslu sveitarfélagsins sem jafnast á milli byggðakjarnanna tveggja en fram að sameiningu var nærri alla þjónustu ríkis og sveitarfélagsins að finna í báðum byggðakjörnum og því er nánast óhjákvæmilegt að opinber þjónusta við íbúa hins sameiginlega sveitarfélags verði tekin til gagngerrar endurskoðunar (Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson, 2010). Í ljósi þess hve hátt hlutfall opinbers starfsfólks eru konur er ekki óvarlegt að áætla að fyrirhugaðar sameiningar- og hagræðingaraðgerðir geti haft ólík áhrif á líf kvenna og karla.

Í október 2009 voru alls 152,13 stöðugildi í Fjallabyggð á vegum sveitarfélagsins. Störf þessi skiptust niður á stjórnsýslu, félagsþjónustu, fræðslumál, íþrótt- og tómstundamál, menningarmál og annað. Langflest störf á vegum sveitarfélagsins, eða 83,14 af stöðugildunum 152,13, eru í málaflokknum fræðslumál (Grétar Þór Eypórsson, Ásta Arnbjörg Pétursdóttir og Martha Elena Laxdal, 2010). Árið 2010 var hlutfall kvenna meðal þeirra sem stunduðu kennslu í grunnskólum á Norðurlandi eystra rúmlega 76% (Hagstofan, 2011b). Í Fjallabyggð voru alls sex fræðslustofnanir í árslok 2009; 2 leikskólar, 2 grunnskólar og 2 tónlistarskólar (Grétar Þór Eypórsson o.fl., 2010). Samkvæmt upplýsingum sem finna má á heimasíðu Fjallabyggðar er allt starfsfólk leikskólanna tveggja konur. Þá eru 10 karlar starfsmenn grunnskólanna af þeim 49 sem þar starfa eða um 20% starfsfólksins. Í ljósi þessa má áætla að allar sameiningar- og hagræðingaraðgerðir séu líklegri til að koma harðar niður á konum en körlum sem þar vinna. Þá hefur búsetuþróun í Fjallabyggð verið þannig að börnum hefur fækkað verulega (Þóroddur Bjarnason, 2010) sem hefur haft þau áhrif að bekkjardeildir í hverjum árgangi eru sífellt minni og því meiri þörf á samkenndu milli árganga en áður var.

Í Fjallabyggð er margvísleg starfsemi á vegum ríkisins eða fyrirtækja í eigu þess. Stöðugildi á vegum ríkisins eru 98,3 talsins í sveitarfélaginu. Störf þessi eru einkum í heilbrigðisþjónustu, löggæslu, framhaldsskóla, á skattstofu og hjá Rafmagnsveitum ríkisins og auk þess innan kirkjunnar (Grétar Þór Eypórsson ofl., 2010). Í Fjallabyggð eru meðal annars tvær heilsugæslustöðvar og sjúkrahús. Um 13% vinnuafis byggðarlagsins starfar innan heilbrigðis- og félagsþjónustu svæðisins í þeim 114 störfum sem þar eru (Sonja Stelly Gústavsdóttir, Kristjana Fenger og Sigríður Halldórsdóttir, 2010). Líkt og annars staðar á landinu má ætla að meirihluti starfsfólks í heilbrigðis- og félagsþjónustu í Fjallabyggð séu konur. Ekki sér enn fyrir endann á

hagræðingu og sameiningum þessara stofnana við aðrar á svæðinu en rannsóknir á notkun á heilbrigðisþjónustu benda til þess að almennt dragi út notkun á slíkri þjónustu eftir því sem vegalengdir til að sækja hana verða lengri (Sonja Stelly Gústavsdóttir, Kristjana Fenger og Sigríður Halldórsdóttir, 2010). Það er því að mörgu að huga þegar kemur að slíkri hagræðingu, ekki eingöngu hvað störf varðar heldur ekki síður aðgengi að þjónustu og áhrif þessa á líf kvenna og karla, ekki síst í því ljósi að konur bera enn frekar ábyrgð á ungum börnum og jafnvel öldruðum þar sem fá stofnanabundin úrræði eru í boði. Hagræðing og niðurskurður af þessu tagi gæti þýtt meiri ólaunaða vinnu af hálfu kvenna í sveitarfélaginu (Dahlström, 1996), sem ekki er víst að ungum konum þyki eftirsóknarvert að inna af hendi í nútímasamfélagi.

### Kynbundin hlutverk og félagslegur auður

Aðgengi að menntun og heilbrigðisþjónustu koma vissulega við sögu þegar fólk velur sér búsetu en félagslegur auður hvers samfélags getur einnig haft veruleg áhrif á líðan og upplifun fólks af að búa þar. Félaglegur auður felst ekki síst í þéttum félagslegum tengslum, gagnkvæmum stuðningi, samheldni og trausti á milli einstaklinga sem búa saman í samfélagi. Vísað er í félagslegan auð til aðgreiningar frá peningalegum auði og mannlegum auði sem felst í menntun og hæfni einstaklinga og jákvæðum félagslegum tengslum í samfélagi fólks (Bourdieu, 1980; Coleman, 1990; Putnam, 1995). Þétt félagsleg tengsl í litlum samfélögum geta haft margvísleg jákvæð áhrif á líf fólks en þau geta einnig einkennst af skorti á friðhelgi og fáum tækifærum til að máta sig í mismunandi hlutverkum (Kolbeinn Stefánsson og Sveinn Arnarsson, 2010; Þóroddur Bjarnason, 2007; Gabriel 2002). Þátttaka í félagsstarfi er algengur mælikvarði á félagslegan auð í samfélögum. Miðað við niðurstöður úr könnuninni *Samgöngubætur og byggðapróun 2009* bendir allt til þess að Fjallabyggð sé rík af félagslegum auði og þátttaka karla og kvenna í félagsstarfi er mikil (Kolbeinn Stefánsson og Sveinn Arnarsson, 2010). Þetta á við um báða byggðarkjarnana, Siglufjörð og Ólafsfjörð, og eru íbúar almennt nokkuð virkir í margskonar félagsstarfi. Þó eru vísbendingar um nokkuð hefðbundna verkaskiptingu þegar kemur að þátttöku kynjanna í félagsstarfi. Karlarnir eru líklegri til að taka þátt í björgunarsveitarstarfi og starfi íþróttafélaga en konurnar. Þær eru aftur líklegri til að leggja góðgerðarmálum lið og taka þátt í starfi foreldrafélaga (Kolbeinn Stefánsson og Sveinn Arnarsson, 2010). Þessar niðurstöður undirstrika hefðbundin hlutverk kvenna hvað varðar ábyrgð á uppeldi barna og umönnunarstörfum almennt.

Könnunin leiddi í ljós að nokkur munur er á stjórnmalapátttöku karla og kvenna. Það á einkum við um íbúa á Ólafsfirði þar sem nokkuð fleiri karlar en konur taka þátt í stjórnmalastarfi en munurinn er mun minni á Siglufirði (Kolbeinn Stefánsson og Sveinn Arnarsson, 2010). Í hinu sameinaða sveitarfélagi hefur bæjarstjórnin aðsetur á Siglufirði. Eftir sveitarstjórnarkosningar vorið 2010 eru fimm karlar og fjórar konur í bæjarstjórn Fjallabyggðar (Hagstofan, 2011c). Þess má geta að forseti bæjarstjórnar og 1. varaforseti eru karlar (Fjallabyggð, 2011) og það er einnig bæjarstjóri hins sameinaða sveitarfélags.

Félagsstarf er vettvangur þar sem tengsl á milli fólks verða til og er viðhaldið og því getur félagsstarf stuðlað að samkennd milli byggðarkjarnanna með áherslu á samstarf að

sameiginlegum markmiðum (Kolbeinn Stefánsson og Sveinn Arnarsson, 2010). Hvað varðar íbúabróunina í Fjallabyggð og þá staðreynd að ungt fólk hefur í ríkum mæli flutt í burtu úr byggðarlaginu og snýr síður aftur en tíðkast í mörgum öðrum sveitarfélögum á landsbyggðinni (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2010) kom í ljós að samsömun við samfélagið er minnst í aldurshópnum 18-25 ára. Ljóst má vera að væntingar fólks breytast með aldrinum og það verður rótgrónara í því samfélagi sem það býr í en skýringin á lítilli samsömun getur falist í því að stór hluti yngsta árgangsins er farinn. Ekki er ósennilegt að samsömun árganganna sé minni eftir því sem þeir eru minni og þá getur fólksflótti ungs fólks hafa skapað einhverskonar upplausnartilfinningu hjá þeim sem ekki hafa flutt í burtu (Kolbeinn Stefánsson og Sveinn Arnarsson, 2010). Takist að snúa íbúabróuninni við og fjölga í yngsta hópi svarenda er trúlegt að samsömunin verði nær því að vera svipuð í öllum aldurshópum. Áhugavert verður að fylgjast með því hvort opnun Héðinsfjarðarganganna muni hafa áhrif á félagsstarf íbúa í Fjallabyggð, til að mynda hvort breytingar verða á því í hvaða starfi konur og karla velja að taka þátt og einnig hvort stækkun byggðakjarnans dragi úr þátttöku fólks í félagsstarfi.

## Lokaorð

Rannsóknir hafa sýnt að samgöngubætur hafa ólík áhrif á lífsmynstur karla og kvenna þar sem kynin nota vegakerfið með ólíkum hætti. Hugmyndir um karlinn sem fyrirvinnu heimilisins lifa enn góðu lífi í íslenskri samfélagsskipan og endurspeglast ekki síst í launamun kynjanna. Atvinnuþátttaka íslenskra kvenna er með því mesta sem gerist í heiminum en þrátt fyrir það bera þær frekar ábyrgð á uppeldi barna og sinna heimilisstörfum í mun meira mæli en karlar. Þessa ólíku stöðu kynjanna inni á heimilum og á vinnumarkaði ber að hafa í huga þegar ráðist er í samgöngubætur. Í kjölfar samgöngubóta er líklegt að atvinnusvæði karla stækki á meðan ábyrgð á heimili og börnum gæti í sumum tilvikum komið í veg fyrir að sömu áhrifa gæti á líf kvenna sem líklegri eru til að skipuleggja líf sitt í nágrenni við heimilið (Þóra Kristín Þórsdóttir og Kjartan Ólafsson, 2010). Í öðrum tilvikum gætu samgöngubætur aftur á móti stækkað atvinnu- og þjónustusvæðið og ekki er ólíklegt að sú verði raunin með tilkomu Héðinsfjarðarganga.

Stækkun atvinnusvæðisins á Tröllaskaga gæti þó allt eins haft ólíkar afleiðingar í för með sér fyrir karla og konur, einkum vegna þess að karlar virðast líklegri til að keyra lengri vegalengdir vegna vinnu. Þá sýndi rannsókn sem gerð var í sveitarfélögunum í nágrenni höfuðborgarsvæðisins að tvisvar sinnum fleiri karlar vinna utan heimasveitarfélagsins en konur (Björk Sigurgeirsdóttir, 2004). Á meðan karlar fara lengri vegalengdir í og úr vinnu verja konur frekar tíma til ferða um minna svæði, eins og til að mynda vegna innkaupa og aksturs með börn og aðra fjölskyldumeðlimi (Þóra Kristín Þórsdóttir og Kjartan Ólafsson, 2010).

Áhrif breytingar á samgöngukerfinu geta því verið ólíkt eftir því hvort um er að ræða áhrif þeirra á lífi karla eða kvenna. Þó breytingum á samgöngukerfi sé yfirleitt fyrst og fremst ætlað að vera til bóta fyrir íbúa tiltekinna samfélaga geta þær þó ýtt undir hefðbundin kynhlutverk og slíkt getur varla verið markmið í samfélagi sem telur sig fremst meðal þjóða í jafnréttismálum. Urbætur í samgöngukerfinu hafa gjarnan verið gagnrýndar sem karllægar aðgerðir og er þeirri gagnrýni þá ekki síst beint að eiginlegum framkvæmdatíma. En í ljósi þeirra áhrifa sem slíkar breytingar geta

haft á verkaskiptingu kynjanna er ekki síður mikilvægt að huga að þeim menningarlegu, félagslegu og hagrænu þáttum sem endurspeglast í stöðu kynjanna í ólíkum samfélögum víða um land og því hvernig breytingar á samgöngum hafa áhrif á þessa þætti.

Hér hefur verið kortlögð staða kynjanna í Fjallabyggð miðað við þær upplýsingar sem nú liggja fyrir og aflað var í könnuninni *Samgöngubætur og byggðapróun 2009* sem framkvæmd var í byggðarlögunum áður en göngin voru opnuð. Ljóst er að nákvæmari greiningar er þörf á þeim gögnum sem þá var aflað en kortlagningin sem hér hefur farið fram gefur nokkuð glögga mynd af því hagræna, félagslega og menningarlega mynstri sem einkennir hið ný sameinaða sveitarfélag Fjallabyggð. Á næsta vetri verður könnun lögð fyrir brottflutta íbúa úr byggðarlaginu. Í ljósi þeirrar mannfjöldapróunar sem blasað hefur við á undanförunum misserum verður einkar áhugavert, í samhengi við stöðu kynjanna í Fjallabyggð, að greina viðhorf þeirra sem flutt hafa í burtu og það mun hugsanlega varpa einhverju ljósi á það hvers vegna svo fáir þeirra sem farið hafa í burtu hafa séð sér hag í því að flytja aftur til baka. Þá mun könnunin *Samgöngubætur og byggðapróun* verða lögð aftur fyrir alla íbúa Fjallabyggðar og með greiningu þeirra upplýsinga mun gefast einstakt tækifæri til að varpa ljósi á þær breytingar á hegðun og viðhorfum sem hugsanlega fylgja í kjölfar opnunar Héðinsfjarðarganga.

## Heimildir

- Berglund, Anna Karin, Johansson, Susanne og Molina, Irene. 2005. *Med periferien i sentrum – en studie af lokal velferd, arbeidsmarkeder og kjønnsrelasjoner i den nordiske periferien*. Norut NIBR.
- Björk Sigurgeirsdóttir. 2004. *Atvinnu- og skólasókn til höfuðborgarsvæðisins. Könnun meðal íbúa Árborgar, Akraness og Borgarbyggðar árið 2004*. Akureyri: Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri.
- Bourdieu, Pierre. 1980. „Le capital Social: notes provisoires“. *Actes de la recherche en sciences sociales*, 31, 2-3.
- Coleman, James. 1990. *Foundation of Social Theory*. Cambridge, MA, og London: The Belknap Press of Harvard University.
- Dahlström, Margareta. 1996. „Young Women in a Male Periphery – Experiences from the Scandianavian North“. *Journal of Rural Studies*, 12(3), 259-271.
- Edward Huijbens. 2010. Ferðamenn í Fjallabyggð sumarið 2009. Í Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson (ritstjórar) *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng. Samgöngur, samfélag og byggðapróun* (bls. 38-49). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Einar Mar Þórðarson, Heiður Hrund Jónsdóttir, Fanney Þórsdóttir, Ásdís A. Arnalds og Friðrik H. Jónsson. 2008. *Kynbundinn launamunur á íslenskum vinnumarkaði*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Fjallabyggð. 2011. Bæjarstjórn Fjallabyggðar. Sótt 27. maí 2011, <http://www.fjallabyggd.is/is/stjornsysla/baejarstjorn>
- Gabriel, Michelle. 2002. „Australia’s regional youth exodus“. *Journal of Rural Studies*, 18,209-212.
- Grétar Þór Eypórsson, Ásta Arnbjörg Pétursdóttir og Martha Elena Laxdal. 2010. Starfsemi ríkis og sveitarfélag í Fjallabyggð. Í Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson (ritstjórar) *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng. Samgöngur, samfélag og byggðapróun* (bls. 125-134). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

- Grétar Þór Eypórsson. 2010. Sveitarfélagið Fjallabyggð og Héðinsfjarðargöng. Í Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson (ritstjórar) *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng. Samgöngur, samfélag og byggðapróun* (bls. 116-124). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Hagstofa Íslands. 2011a. Mannfjöldi og sveitarfélög. Sótt 26. maí 2011, <http://hagstofa.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Sveitarfelog>
- Hagstofa Íslands. 2011b. Skólamál. Sótt 26. maí 2011, <http://hagstofa.is/Hagtolur/Skolamal/Grunnskolar>
- Hagstofa Íslands. 2011c. Sveitarstjórnarkosningar. Sótt 26. maí 2011, <http://hagstofa.is/Hagtolur/Kosningar/Sveitarstjornarkosningar>
- Hjalti Jóhannesson og Kjartan Ólafsson. 2004. *Samgöngubætur og félagsleg og efnahagsleg áhrif þeirra*. Akureyri: Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri.
- Hjördís Sigursteinsdóttir og Kjartan Ólafsson. 2004. *Áhrif Hvalfjarðarganga á samfélag og byggð á Vesturlandi. Niðurstöður könnunar meðal íbúa á svæðum norðan ganga árið 2003*. Akureyri: Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri.
- Jón Þorvaldur Heiðarsson. 2010. Umferðarspá fyrir Héðinsfjarðargöng. Í Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson (ritstjórar) *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng. Samgöngur, samfélag og byggðapróun* (bls. 30-37). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Kitterød, Ragne Hege og Pettersen, Silje. 2005. „Making up for mothers' employed working hours? Housework and child care among Norwegian fathers“. *Work, Employment and Society*, 20(3), 473-492.
- Kjartan Ólafsson og Þóroddur Bjarnason. 2010. Föst búseta og hlutabúseta í Fjallabyggð. Í Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson (ritstjórar) *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng. Samgöngur, samfélag og byggðapróun* (bls. 58-64). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Kolbeinn H. Stefánsson og Sveinn Arnarsson. 2010. Félagslegur auður Fjallabyggðar. Í Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson (ritstjórar) *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng. Samgöngur, samfélag og byggðapróun* (bls. 152-160). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Kolbeinn H. Stefánsson. 2008. *Samspil vinnu og heimilis – álag og árekstrar*. Working papers, 1. Reykjavík: Rannsóknarstöð Þjóðmála.



- Kolbeinn H. Stefánsson. 2010. Atvinnulíf og samgöngur í Fjallabyggð. Í Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson (ritstjórar) *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng. Samgöngur, samfélag og byggðapróun* (bls. 72-81). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Putnam, Robert. 1995. „Bowling Alone: America's Declining Social Capital“. *Journal of Democracy*, 6,65-78.
- Seyfrit, Carole, Þóroddur Bjarnason og Kjartan Ólafsson. 2009. „Migration intentions of rural youth in Iceland: Can a large scale development project stem the tide of out-migration?“ *Society and Natural Resources*, 23(12), 1201-1215.
- Sonja Stelly Gústavsdóttir, Sigríður Halldórsdóttir og Kristjana Fenger. 2010. Heilbrigðisþjónusta í Fjallabyggð. Í Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson (ritstjórar) *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng. Samgöngur, samfélag og byggðapróun* (bls. 133-146). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Þóra Kristín Þórsdóttir og Kjartan Ólafsson. 2010. Kynferði og samgöngubætur. Í Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson (ritstjórar) *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng. Samgöngur, samfélag og byggðapróun* (bls. 161-169). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Þóra Kristín Þórsdóttir. 2007. *Diverging perceptions? The division of household labour in Iceland*. Óbirt M.A.-ritgerð, London Schools of Economics.
- Þóroddur Bjarnason. 2010. Búsetufyrirætlanir íbúa Fjallabyggðar. Í Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson (ritstjórar) *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng. Samgöngur, samfélag og byggðapróun* (bls. 65-71). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Þóroddur Bjarnason, Kjartan Ólafsson og Kolbeinn H. Stefánsson. 2010. Búsetuþróun í Fjallabyggð 1929-2009. Í Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson (ritstjórar) *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng. Samgöngur, samfélag og byggðapróun* (bls. 50-57). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson. 2010. Samgöngubætur og byggðapróun á norðanverðum Tröllaskaga. Í Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson (ritstjórar) *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng. Samgöngur, samfélag og byggðapróun* (bls. 4-15). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Þóroddur Barnason og Þórólfur Þórlindsson. 2006. „Should I stay or should I go? Migration expectations among youth in Icelandic fishing and farming communities“. *Journal of Rural Studies*, 22, 290-300.